


Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

8. tbl. • Ágúst 2001



Við höfum sérstöðu í heiminum í hönnun og framleiðslu mannvirkja fyrir veðurfars- og náttúruaðstæður sem skapast á norðlægum slóðum.

Náttúran hefur kennt okkur hvaða kröfur skuli gerðar til mannvirkja í heiminum...

...og við höfum lært að beisla hreinar auðlindir hennar...

...til að auka lífsgæðin í landinu.

Þema Construct North 2002 er sótt í smíðju stefnumótunar íslensks byggingariðnaðar á vegum SI sem fjölmörg fyrirtæki, félag og stofnanir tóku þátt í

Byggingadagar SI taka á sig nýja mynd: Fagsýning og málþing með alþjóðlegu ívafi

Þann 28. febrúar 2002 ráðgera Samtök iðnaðarins, ásamt samstarfsaðilum, að efna til málþings á Grand Hótel Reykjavík fyrir fagfólk á sviði mannvirkja- og byggingariðnaðar undir yfirskriftinni „Construct North 2002 – Hönnun, tækni og mannvirkjagerð á norðurslóðum.“

Í kjölfar þingsins eru fyrirhugaðir fyrirlestradagar innlendra og erlendra aðila ásamt fagsýningu í Laugardalshöll 1. til 3. mars.



SÉRSTÁÐA ÍSLENSKRAR
MANNVIRKJAGERÐAR

Að baki efnistöku málþingsins og þema sýningarinnar liggur stefnumótun og framtíðarsýn

Erb. á baksíðu

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein	2
Vaxtalækkun strax	
Mikil eftirspurn eftir nýjum sumarhúsum	3
Stefnumótun í tísku- og fataiðnaði	4
Ráðstefna um ESB og Evruaðild	8



VAXTALÆKKUN STRAX

Þegar spurt er: „Hvernig gengur í iðnaðinum?“, þá verður stundum fát um svör. Iðnaðurinn er sem betur fer afar fjölbreyttur og fyrirtækin innbyrðis ólík. Allt frá persónulegri þjónustu og hugbúnaðargerð yfir í þungaiðnað og hátækni. Það sem hér er sagt um stöðu iðnaðarins er nokkurs konar meðaltal byggt á samtölum við forsvarsmenn fyrirtækja úr ólíkum áttum.

STÖÐUGLEIKINN BRAST

Eftir óvenju langt stöðugleikatímabil, það lengsta í sögu lýðveldisins, fór hagræfið smám saman að ofhitna og einkennin urðu svo flestum eða öllum sýnileg á árunum 1999 - 2000. Vaxandi viðskiptahalli, lausatök í ríkisfjármálum, óraunhæfir kjarasamningar að viðbættu launaskriði einkenna þetta tímabil. Vaxtahækkunar innanlands sem ætlað var að sporna við verðbólgu, sem komin var á skrið, komu of seint og gerðu illt verra; ýttu upp gengi krónunnar fram eftir ári 2000 og juku innstreymi erlendis lánsfjármagns vegna fáránlegs vaxtamunar innan lands og utan. Eftir sjö vaxtahækkunar í röð brast traust markaðarins og gengi krónunnar hríðféll í tveim hrunum í lok árs 2000 og á vordögum 2001.




ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
08. tbl. Ágúst 2001
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 17.08. 2001
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðunautur: Ingi Viðar Árnason

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.



BATNANDI SAMKEPPNISSTAÐA EN FJÁRSKORTUR

Hvernig er þá staðan í iðnaðinum eftir allt þetta umrót? Almenn var afkoman í iðnaðinum ákaflega léleg í fyrra. Fram eftir ári fór innlendir kostnaður hækkandi og samkeppnisstaðan gagnvart erlendum keppinautum versnandi. Síðan kemur gengislækkun krónunnar fram sem gengistap samdægurs en þar sem eignirnar eru í krónum þá hækka þær ekkert á mót. Niðurstaðan er almenn dapurleg afkoma á árinu 2000. Sama þróun hélt áfram á fyrri hluta þessa árs. Sú einkennilega staða er nú komin upp að mælt á mælikvarða raungengis hefur samkeppnisstaðan gagnvart erlendum keppinautum sennilega ekki verið betri síðan 1983 en iðnfyrirtækin eru bara enn ekki farin að merkja þennan bata. Sex mánaða uppgjörin eru mjög víða með umtalsverðu tapi og flestir eru sammála um að alger fjármagnsskortur sé ríkjandi.

VIÐBRÖGÐIN

Hvað gera menn í þessari stöðu? Viðbrögðin eru þau að fresta framkvæmdum og jafnvel öllu viðhaldi. Í mörgum tilvikum hefur myndast svigrúm til verðhækkana þar sem innflutningur hefur hækkað í verði. Verðlagsþróunin að undanfögnu sýnir að margir hafa nýtt þetta svigrúm sem ekki er að undra. Síðan er ekki erfitt að spá því að eftir sumarleyfi muni fyrirtækin fara að hagræða og fækka fólki umfram það sem sjálfkrafa gerist þegar skólafólkid fer aftur í skólana.

ÁBYRGÐ VINNUMARKAÐARINS

Sú kjaraskerðing sem óeitanlega fylgir gengisfellingunum að undanfögnu gefur

ekkert tilefni til launahækkana, þvert á móti er einasta leiðin til að verja kaupmáttinn sú að fyrirtækin geti nýtt batnandi samkeppnisstöðu til að bæta afkomuna og blása til nýrrar sóknar. Framleiðniaukning er forsenda raunverulegra kjarabóta en gengislækkun krónunnar veldur ekki tafarlausri framleiðniaukningu. Launahækkunar nú væru því einungis ávísun á verðbólgu og atvinnuleysi sem bitna myndi þýngst á þeim sem verst standa á vinnumarkaði. Þarna verða atvinnurekendur og samtök þeirra að axla ábyrgð og vonandi sýna forsvarsmenn launþega skilning á því hvernig staðan er.

VEXTIR SEM DREPA

Taprekstur og þar með minnkandi lánsstraust og fáránlega háir vextir munu fyrirsjáanlega verða banabiti einhverra fyrirtækja á næstu mánuðum. Seðlabankinn virðist vera að slást við þenslu sem hvarf eins og döggi fyrir sólu með gengislækkun krónunnar. Verðhækkunar sem nú eru að koma fram eru allt annars eðlis en verðhækkunar þensluáranna 1999-2000. Sá sem þetta skrifar er ekki alveg viss um það hvort það er mótud stefna Seðlabankans að slaka ekki á klónni fyrr en gjaldþrotahrina ríður yfir. Þar á bæ tala menn um að vextirnir eigi að bíta en hvort þeir eiga að drepa er ekki ljóst. Enginn atvinnurekstur þolir þetta vaxtastig til lengdar. Það er orðið meira en tímabært að lækka vexti hér á landi umtalsvert en það er þó sennilega orðið of seint fyrir þau fyrirtæki sem tæpast standa.

Sveinn Hannesson



Mikil eftirspurn eftir nýjum sumarhúsum

Byggingafyrirtækið Stodverk hf. var stofnað í Hveragerði fyrir rúmum fjórum árum og þar starfa nú 10 manns. Að sögn Halldórs Jónssonar, eins þriggja eigenda sem allir eru trésmíðir, sinnir Stodverk fyrst og fremst nýsmíði úr timbri og framleiðir bæði íbúðarhús og sumarhús og hefur t.d. smíðað 20 slík á sl. þremur árum auk fjögurra íbúðarhúsa. Halldór segir ekkert lát á eftirspurn eftir sumarhúsum. Þau eru flest smíðuð í Hveragerði og flutt á flutningavagni sem tíu hjóla trukkur dregur hvert á land sem er, en þess má geta að 50 fermetra sumarhús vegur 12 tonn. Markaðssvæði Stodverks er aðallega Árnæssýsla, Borgarfjörður og Rangárvallasýsla. Að sögn Halldórs tekur það fjóra menn tvo mánuði að byggja 50 fermetra hús.

Flest sumarhús Stodverks eru 52 fermetrar að stærð og kosta fullbúin en án gólfefna röskar 5 milljónir króna. Í haust reisir Stodverk um 1000 fermetra hótél á Króki í Ölfusi en þar stendur til að hefja ferðaþjónustu. Stodverk hefur smíðað fjögur hús á þessu ári fyrir bændur í ferðaþjónustu. Fyrir tveimur árum reisti Stodverk eitt af fáum vistvænum húsum hér á landi en það hýsir vinnustofur á Sólheimum í Grímsnesi. Í því húsi eru nánast engin gerviefni. Það allt timbur- og gipsklætt og með torfþaki.

BRÝR MIKLIR FARARTÁLMAR

Að sögn Halldórs eru brýr yfir Þjórsá og Ölfusá miklir farartálmar. Þegar flytja þarf hús austur í Rangárvallasýslu verður því að fara um Óseyrarbrú, upp með Þjórsá og yfir brúna á Sultartanga en það er um 100 kílómetra krókur. Ný Þjórsárbrú mun hins vegar vera á vegaáætlun áður en langt um líður. Auk þess er einn farartálmi við hringtorgið við Hveragerði. Þar þarf að gera ráðstafanir áður en hús er flutt og taka niður skilti. Húsin eru ævinlega flutt að nátturlagi og í fylgd lögreglu.

NÁMSKEIÐ SAMTAKANNA KOMA

AÐ GÓÐU GAGNI

Halldór sagði það valda Stodverki

miklum vandkvæðum að kröfur byggingafulltrúa, sem fyrirtækið þarf að eiga samskipti við, eru ekki hinar sömu á hverjum stað. Hann telur óviðunandi að þeir skuli ekki túlka byggingareglugerð með sama hætti og nefndi sem dæmi að byggingafulltrúi á einum stað taki ekki gilda úttekt starfsbróður síns á öðrum. Hann telur að umhverfisráðuneytið eigi að sjá til þess að allir byggingafulltrúar túlki byggingareglugerðina á sama hátt en því misræmi voru gerð rækileg skil í desemberblaði Íslensks iðnaðar. Í þessu samhengi gat Halldór þess að námskeið, sem Samtök iðnaðarins héldu í haust fyrir „gamla“ meistara, hefði vakið þátttakendur til umhugsunar um margt, þ.á m. hlutverk byggingafulltrúa og eftirlitsaðila yfirleitt en ekki síst samskipti við eftirlitsmenn á vegum verkkaupa. Í flestum tilvikum væru eftirlitsmenn líka hönnuðir sem væri mjög óheppilegt fyrirkomulag.

Bóra Kristín Jónsdóttir



F.n. Ráinar Sigurðsson, Þorsteinn Hansen og Halldór Jónsson



Félagsmenn SI verða áberandi í Íslensk fyrirtæki og á fyr.is

Samtök iðnaðarins hafa gert samning við útgefendur bókarinnar Íslensk fyrirtæki og vefjarins www.fyr.is um að gera félagsmenn SI meira áberandi í þessum miðlum.

- Með samningnum er m.a. tryggt:
- Að lágmarksupplýsingar verði birtar í bókinni og á vefnum um öll fyrirtæki, meistarafélög, atvinnurekendafélög og sjálfstæða atvinnurekendur innan SI.
- Að hver félagsmáður fái merkinguna

„fyrirtæki innan SI“ í aukalínu í fyrirtækjaskrá bókarinnar og að SI-merkingin verði áberandi á vefnum.

Birting þessara upplýsinga er félagsmönnum SI og Samtökum iðnaðarins að kostnaðarlausu. Þess er vænst að félagsmenn SI, sem eru um 1.400 talsins, verði mun sýnilegri en ella og að SI-merkingin verði tákn um traust og gæði.

Brynjar Ragnarsson

Stefnumótun í tísku- og fataiðnaði

Fyrir skömmu stóðu Samtök iðnaðarins ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Útflutningsráði Íslands og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins fyrir samstarfsverkefni um „Framtíðarsýn og stefnumótun í tísku- og fataiðnaði.“ Tilgangurinn með verkefninu var að hvetja ólíka aðila sem koma að tísku- og fataiðnaði hér á landi, til þess að taka þátt í mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar og stefnumörkun innan greinarinnar. Við verkefnið var stuðst við aðferðarfræði sem þróuð hefur verið af SI og gefið góða raun við stefnumörkun innan ólíkra starfsgreina, félaga, stærri og smærri fyrirtækja og stofnana.

Verkefnið hófst í byrjun maí sl. með vinnufundi í Keflavík. Alls tóku 35 manns þátt; fatahönnuðir, framleiðendur, saumastofur, tískufrömuðir, umboðsaðilar, birgjar og ýmsir fræðslu- og markaðsaðilar, auk fulltrúa þeirra aðila sem að verkefninu standa. „Á vinnufundinum kynntu þátttakendur hugmyndir sínar og mótuðu og skilgreindu sameiginlega framtíðarsýn og forsendur í tísku- og fataiðnaði.“

Það var enginn uppgjafartónn í þátttakendum og ljóst að flestir sjá fyrir sér afar spennandi framtíð í greininni. Eftirfarandi kaflafyrirsagnir og samantekt lýsir þeim meginlínunum sem hópurinn sá fyrir sér.

Auðvitað gerast góðir hlutir ekki af sjálfu sér í þessari grein frekar enn annars staðar, en samt má nú þegar sjá ýmis merki þess að framangreind framtíðarsýn þurfi ekki að vera svo ýkja langt undan. Metnaðarfullir landvinningar fyrirtækja eins og X18 og Nikita eru góð dæmi um þetta. Þá má ekki gleyma góðum langtímaárangri 66°N sem sýnir svo ekki verður um villst

1. Aukin velta og vaxandi arðsemi í fataiðnaði

Hér sjá þátttakendur fyrir sér mikla framtíðarmöguleika, vöxt, arðsemi og útflutning. Aukinni arðsemi fylgir síðan aukinn áhugi fjárfesta.

2. Umfangsmikil og fjölbreytt atvinnugrein

Hópurinn telur styrk greinarinnar felast í þekkingu og hugviti á fjölmörgum sviðum hönnunar, efnistækni og markaðstengsla í gróskumiklu þekkingarsamfélagi. Hann sér fram á að á Ísland verði starfandi nokkur fyrirtæki sem nái að skapa sér sess á alþjóðlegum vettvangi. Þá sjá íslenskir hönnuðir fyrir sér að nokkrir þeirra hafi komið sér á framfæri erlendis og hugvit þeirra orðið að sjálfstæðri útflutningsvöru.

3. Stóraukinn árangur á alþjóðlegum markaði – „Singing in the Snow“

Hópurinn sér fyrir sér að Reykjavík geti komist í hóp helstu tískuborga heims líkt og París, London og Mílanó. Hér verði haldnar árlegar tískuvikur og að íslensk hönnun standi þar jafnfætis erlendri hönnun. Helstu markaðslönd verði í Skandinavíu, Evrópu og Ameríku og byggð hafi verið upp vörumerki á grundvelli sérstöðu Íslands s.s. „Singing in the Snow.“

4. Góður heimamarkaður er oft ein af forsendum útflutnings.

Þá sér hópurinn fyrir sér trausta markaðshlutdeild sína á heimamarkaði m.a. í kjölfar mikils kynningarátaks. Stórbætt samstarf milli smásöluaðila, framleiðenda og hönnuða getur leitt til stóraukinna gæða á öllum stigum frá hugmynd til markaðssetningar.

að möguleikar okkar hér á landi eru vissulega fyrir hendi.

Hópurinn skilgreindi forsendur sem þyrftu að vera fyrir hendi til þess að árangur næðist. Þessar forsendur voru dregnar saman í eftirfarandi sjö meginþætti:

- Fjölbreyttar fjármögnunarleiðir
- Skapandi hönnun og virk vöruþróun
- Alþjóðleg menntun, þekking og reynsla
- Skilvirk stjórnun, tæknileg þekking og verklag
- Fersk ímynd og framsækið markaðsstarf
- Gott og hvetjandi starfsumhverfi
- Samstarf og sameiginlegir hagsmunir hönnuða, framleiðenda og markaðsfólks

- Greiður aðgangur að hráefni og þróun þess
- Samhæfing framleiðslu, tækni og upplýsingamiðlunar

Auk framangreindra þátta komu fram fjölmargar hugmyndir að verkefnum til að gera framtíðarsýn og framangreindar forsendur að veruleika. Mikilvægustu verkefnið að mati hópsins voru á sviði markaðs-, mennta-, þróunar- og samstarfsmála. Sem dæmi um áhersluverkefni má nefna:

- Eflingu þekkingar fagfjárfesta á greininni og kynningu innan greinarinnar á fagfjárfestum
- Aukið samstarf um þróunar- og mark-



aðsmál t.d. með stofnun félags/samstarfsvettvangs sem tæki þá einnig að sér eftirfylgni stefnumótunarvinnunnar í heild

- Þá komu fram margar hugmyndir um kynningar, sýningar og tískuvikur sem vinna þarf frekar úr
- Á sviði menntamála komu fram áherslur á að tengja betur saman starf skóla á ólíkum skólastigum á sviði fatakönnunar og framleiðslu
- Þá var rætt um samstarfsmöguleika varðandi framleiðslu, dreifingu, hráefni og önnur aðföng

Niðurstöður voru fengnar í hópvinnu, þannig að fyrir lá skýr forgangsroðun verkefna. Hóparnir hittust síðan og unnu frekar úr forgangsverkefnum og settu fram tillögur að framkvæmd þeirra. Niðurstöður voru síðan kynntar á loka-fundi verkefnisins 14. júní sl. Vonandi verður hægt að fara af stað með einhver verkefni á haustdögum.”

David Líðvíksson



Nýr framkvæmdastjóri Prenttæknistofnunar



Ingi Rafn Ólafsson hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Prenttæknistofnunar af Hirti Guðnasyni sem hafði sinnt því starfi frá árinu 1996.

Ingi Rafn er fæddur í Reykjavík árið 1972 og lauk stúdentsprófi frá Kvinnaskólanum í Reykjavík árið 1992 og sveinsprófi í prentsmíð árið 1995. Hann dvaldi um hríð í Þýskalandi þar sem hann var í starfsnámi í prentsmíðju.

Ingi Rafn hlaut B.Sc. gráðu í Framleiðslustjórnun í prenti frá Tækniháskólanum í Rochester vorið 1999. Hann var námstíma sinn hjá Ísafoldarprentsmiðju en réðst til Morgunblaðsins árið 1999 sem verkstjóri auglýsingaframleiðslu og starfaði þar þangað til nú.

Samtök iðnaðarins vænta góðs af samstarfinu við Inga Rafn og jafnframt þakka þau Hirti Guðnasyni fyrir samstarfið á liðnum árum og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Þrjú fyrirtæki snúa bökum saman



F.v. Einar Sæmundsson (Mjöll), Baldur Guðnason (Sjöfn), Ágúst Már Grétarsson (Sámur), Valgerður Sverrisdóttir, Brynjólfur Grétarsson (Sámur), Ashjörn Einarsson (Mjöll) og Grétar E. Ingvason (Sámur).

Hreinlætisvörudeildir Sjafnar hf. á Akureyri, Sáms hf. í Kópavogi og Mjallar hf. í Reykjavík hafa verið sameinaðar í eitt fyrirtæki undir nafni og merkjum Mjallar. Áætlað er að velta hins nýja fyrirtækis nemi um 300 milljónum króna á ári. Höfuðstöðvar fyrirtækisins, sem verður eitt hið stærsta í þessum iðnaði hér á landi verða á Akureyri.

Markmiðið með sameiningunni er m.a.

að auka samkeppnishæfni og hagræðingu á samkeppnismarkaði innanlands en auk þess hyggst fyrirtækið leita nýrra tækifæra til útflutnings. Stjórnendur fyrirtækjanna þriggja hyggjast einnig styrkja framleiðslu á innlendum hreinlætisvörum sem eiga í harðri samkeppni við innfluttar vörur.

Í kjölfar stofnunar hins nýja fyrirtækis stefna Sjöfn, Mjöll og Sámur að því að samræma vörur sínar í vörulínur fyrir alla helstu markhópa.

Vísitölur fyrir rekstrarkostnað vörubíla og vinnuvéla Vegagerðarinnar

Í samvinnu við Vegagerðina birta Samtök iðnaðarins á vefsetri sínu vísitölur fyrir rekstrarkostnað vörubíreiða og tækja sem eru í eigu Vegagerðarinnar. Vegagerðin reiknar vísitölurnar á grunni kostnaðarbókhalds stofnunarinnar og eru hlutföll eða vægi einstakra kostnaðarliða ákvörðuð samkvæmt reynslu hennar.

Vakin er sérstök athygli á að bæði kostnaður og hlutföll einstakra kostnaðarliða eru mismunandi frá einum rekstararði til annars. Þannig mæla vísitölurnar aðeins verðlag á rekstri tækja og vörubíreiða Vegagerðarinnar og ber



að líta á þær sem slíkar. Þær eru því enginn allsherjar sannleikur um rekstrarkostnað, heldur vísending um þróun verðlags á rekstri vinnuvéla og bifreiða.

Vísitölur þessar verða reiknaðar út mánaðarlega á fyrstu dögum hvers

mánaðar og verða birtar á vefsetri SI fyrir miðjan næsta mánuð. Þannig munu tölur janúar mánaðar birtast fyrir 15. febrúar og svo framvegis.

Vísitölurnar eru vistaðar undir kaflanum Brunnur á vefsetri si.is en bein vefslóð að vísitölunum er www.si.is/brunnur/verktakar/velavisitatala.html.

Árni Jóhannsson

Tölvuvírusar valda miklum vandræðum

Svo virðist sem fljóðbylgja tölvuvirusa eða tölvuorma gangi nú yfir Netið. Fjölmíðlar hafa hvað eftir annað varað fólk við þessari óværu en engu að síður berst vírusvarnarfyrirtækjum fjöldi tilkynninga um sýktar tölvur og tölvukerfi, en forritarar virusanna notfæra sér þann veikleika tölvunotenda að opna hvaðeina sem þeim er sent í tölvupósti.

Það er því full ástæða til að hvetja fyrirtæki og starfsfólk þeirra til að vera á varðbergi og muna að fara varlega í að opna viðhengi sem það veit ekki fyrir vist hvað er. Gullna reglan er reyndar að opna aldrei viðhengi sem ekki er von á eða vitað hvað er.

Dreifing tölvuvirusa eða orma (sem senda sig sjálfir áfram gegnum netfangalista í pósthforriti hinnar sýktu tölvu) fer nú aðallega fram gegnum netið þó þeir geti einnig borist með disklingum og geisladiskum (þá aðallega með „heimaskrifubum“ gögnum).

Vírusvarnarfyrirtæki hafa eins og áður sagði átt í miklum önnum undanfarið en tölvuvírusar er margir og mismunandi og sumir geta valdið fyrirtækjum og einstaklingum gríðarlegu tjóni. Mikil handavinna getur verið að fjarlægja veirur svo ekki sé talað um óbætanlegt tjón oft á tíðum, þegar mikilvæg gögn eyðileggjast. Því ber að leggja áherslu á nauðsyn þess að hafa gott vírusvarnarforrit, sem hægt er að uppfæra reglulega, svo og að hafa afritunartöku í lagi.

Þar sem netþjónar (miðlarar) eru til staðar er best að keyra vírusvarnarforritin sjálfvirk á netþjóninum og vinnustöðvunum, við ræsingu þeirra. Flest stærstu vírusvarnarforritin bjóða áskrift á forritum sínum og þann möguleika að sækja nýjar vírusuppfærslur reglulega á Netið. Þetta er mjög mikilvægt þar sem nýir vírusar skjóta sífellt upp kollinum. Með það í huga er ljóst að enginn vörn kemur í stað árvekni notandans sjálfs, því jafnvel hin öflugustu vírusvarnarforrit þurfa tíma til að greina nýja vírusa og bregðast við þeim. Þetta kom glögg í ljós þegar „ástarormurinn“ svokallaði lék lausum hala, en hann dreifði sér með örskotshraða um allan heim og olli tugmilljóna króna tjóni.



Sé sýkt tölva tengt tölvuneti, t.d. nærneti fyrirtækis, er mikilvægt að slökkva á henni og taka hana strax úr sambandi við tölvunetið. Síðan á ekki að endurræsa hina sýktu

tölvu fyrr en fenginn hefur verðið tölvusérfræðingur til að hreinsa hana.

Samtök iðnaðarins skora á aðildarfélaga sína að huga vel að þessum málum og kynna þau rækilega fyrir starfsmönnum sínum svo draga megi úr líkum á tjóni vegna þessarar óværu.

Haraldur Dean Nelson

- Sl gera athugasemdir við framkvæmd útboðs hjá Ríkiskaupum - Óþarfa þjónkun við erlenda keppinauta

Samtök iðnaðarins hafa sent Ríkiskaupum bréf þar sem gerðar eru athugasemdir við útboð stofnunarinnar á prentun bæklinga fyrir Ferðamálaráð en útboðsgögnin voru á ensku.



Í bréfinu telja Samtökin það furðu sæta að íslenskum fyrirtækjum sé gert torvelt að bjóða í íslensk verk með því að hafa gögn opinberra útboða á erlendu tungumáli.

Samtökin telja eðlilegt að útboðsgögn séu á íslensku og það sé á herðum þeirra, sem bjóða í verkið, að sjá um að þau séu þýdd á erlend tungumál, telji þeir sig þurfa þess. Það hljóti að teljast óeðlilegt að íslensk fyrirtæki þurfi að láta þýða

útboðsgögn, á vegum íslenska ríkisins, yfir á móðurmálið.

Haraldur Dean Nelson

Leiðrétting



Þau leiðu mistök áttu sér stað í 7. tbl. Íslensks iðnaðar að nafn Friðriks Sigurðssonar hjá Tölvu-Myndum hf. (annar frá hægri) misritaðist í myndatexta í greininni „Íslenskir frumkvöðlar heiðraðir.“ Eru hlutadeigendur bednir velvirðingar á mistökunum.

Róttæk uppstokkun á málningarmarkaði á Íslandi:

Harpa hf. og Sjöfn hf. sameinast**- stærsta málningarframleiðslufyrirtæki landsins verður til**

Harpa hf. – málningarverksmiðja í Reykjavík og málningardeild Sjafnar á Akureyri hafa ákveðið að sameina krafta sína í nýju fyrirtæki, Hörpu-Sjöfn, sem mun hefja starfsemi þann 1. september næstkomandi.

Í fréttatilkynningu, sem fyrirtækin sendu frá sér, segir að með sameiningu þessara tveggja rötgrónu fyrirtækja í málningarframleiðslu, sem hafi keppt á ört harðnandi samkeppnismarkaði á Íslandi í áratugi, verði til lang stærsta fyrirtæki landsins í þessum iðnaði með um 800 milljóna króna ársveltu og 2 milljóna lítra framleiðslu af málningarvörum á ári. Hið nýja fyrirtæki muni því hafa sterka stöðu á hérlandum málningarmarkaði og í samkeppni við innfluttar málningarvörur.

TVÖ RÓTGRÓIN FYRIRTÆKI Í FRAMLEIÐSLU MÁLNINGARVARA

Harpa hf. og Sjöfn hf. eiga sér langa sögu í málningariðnaði á Íslandi. Harpa var stofnuð árið 1936 og hefur síðan framleitt málningarvörur til notkunar utanhúss sem innan. Auk eigin framleiðslu flytur Harpa inn og selur skipamálningu og viðurvarnarefni.

Sjöfn hf. var stofnuð árið 1932. Fyrstu áratuginu framleiddi fyrirtækið hreinlætisvörur, en árið 1958 hóf það einnig framleiðslu málningarvara. Á síðasta ári nam framleiðsla og sala á málningarvörum um 70% af veltu Sjafnar.

STARFSEMI BÆÐI SUNNAN OG NORÐAN HEIÐA

Harpa-Sjöfn verður með starfsstöðvar bæði sunnan og norðan heiða. Í Reykjavík verður fyrirtækið til húsa í núverandi húsnæði Hörpu að Stórhöfða 44, en á Akureyri verður starfsstöð þess í Sjafnarhúsinu að Austursíðu 2.

EIGNARHALD OG STJÓRNUN

Eigendur Hörpu hf. eru Helgi Magnússon, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og fjölskylda hans (77%) og Þóra Guðrún Óskarsdóttir og fjölskylda (23%). Eigendur Sjafnar eru hins vegar Baldur Guðnason, framkvæmdastjóri Sjafnar (60%), og Kaupfélag Eyfirðinga (40%).

Í hinu nýja sameinaða fyrirtæki mun Sjöfn hf. eiga 45% hlut en Harpa hf. 55%.

SKÝR MARKMIÐ MEÐ SAMEININGUNNI

Í fréttatilkynningunni kemur fram að markmiðið með sameiningu á málningarstarfsemi Hörpu hf. og Sjafnar hf. sé að



byggja upp stærsta og öflugasta þjónustufyrirtæki á Íslandi í málningariðnaði, þ.e. í framleiðslu-, sölu og þjónustu á málningarmarkaði.

Í fyrsta lagi er lögð áhersla á aukna og bætta þjónustu við viðskiptavinum. Í því felst meðal annars völdtæk, fagleg ráðgjöf sérfræðinga fyrirtækjanna við notkun fjölbreyttra vara sem Harpa-Sjöfn mun hafa á boðstólum.

Í öðru lagi mun sameining fyrirtækjanna leiða til bættrar samkeppnisstöðu á markaðnum gagnvart innfluttum málningarvörum.

Í þriðja lagi mun sameiningin fela í sér mikla möguleika til hagræðingar á hördum samkeppnismarkaði með sterka efnahagslega og rekstrarlega stöðu og með gott veganesti inn í framtíðina.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Halldór Blöndal, forseti Alþingis, og Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, voru viðstödd undirritun samninga um sameiningu Hörpu hf. og málningarvörudeildar Sjafnar á Akureyri.

**LANDSINS
MESTA ÚRVAL AF
FRAMKVÆMDASTJÓRUM
Á EINUM STAÐ**



Bókin Íslensk fyrirtæki er ítarlegasta upplýsingarit sem gefið er út um íslenskt athafnalíf.

fyröis



Framhald af forsiðu

Íslensks byggingariðnaðar sem fjölmörg fyrirtæki, félög og stofnanir á sviði mannvirkjagerðar tóku þátt í að móta.



Víð höfum sérstöðu í heiminum í hönnun og framleiðslu mannvirkja fyrir veðurfars- og náttúruaðstæður sem skapast á norðlægum slóðum, s.s. vegna jarðskjálfta, umbleytinga, mikils vindlaga, slagregns og snjó.

Náttúran hefur kennt okkur hvaða kröfur skuli gerðar til mannvirkja í heiminum og við höfum lært að beisla breinar auðlindir bennar til að auka lífsgæðin í landinu.

ÚTFLUTNINGUR OG STJÓRNUNARÁÐFERÐIR

Á málþinginu verður m.a. fjallað um möguleika innlendra framleiðenda, verkta-ka og hönnuða til aukins samstarfs við erlend fyrirtæki í framleiðslu og markaðsstarfi á norðurlöndum. Hugvit, hönnun og þjónusta eiga sér engin landamæri og eru útflutningsmöguleikar Íslendinga á þeim sviðum nær óþrjótandi. Þróun stjórnunar-áðferða í byggingariðnaði og innleiðing nýrrar tækni til sköpunar nýrra tækifæra eru jafnframt meðal málefna sem verða á dagskrá Construct North 2002.

NÝ SÓKNARTÆKIFÆRI

Með bættem starfsskilyrðum iðnaðar í landinu, hliðsjón af landfræðilegri stöðu Íslands mitt á milli austurs og vesturs – og vegna greiðs aðgangs að mörkuðum í Skandinavíu, Evrópu og víðar – hafa bæði kanadísk og bandarísk fyrirtæki sýnt áhuga á að ná samstarfi við íslensk fyrirtæki um lausnir fyrir markaði austanhafs. Sömu-leiðis ættu því íslensk fyrirtæki að geta náð samstarfi við fyrirtæki á Norðurlöndunum og í Evrópu um sambærilegt markaðsstarf vestanhafs.

TVÆR SÝNINGAR KYNNTAR SAMTÍMIS

Um þessar mundir er að hefjast kynning á Construct North 2002 innanlands og er-

lendis. Samhliða verður lögð áhersla á að kynna erlendis „Construct North 2004 – alþjóðlegt málþing og fagsýningu á Íslandi árið 2004.“ Construct North 2004 verður haldin 4. til 8. mars árið 2004 í nýrri rúmlega 9 þúsund fermetra ráðstefnu- og sýningaraðstöðu Laugardalshallar sem þá er ráðgert að verði risin.



VEFUR ÍSLENSKS BYGGINGARIÐNAÐAR

Innan skamms mun SI opna nýjan vef íslensks byggingariðnaðar (www.mannvirki.is) sem ætlað er að miðla fréttum og upplýsingum um jafnt fagleg málefni á sviði mannvirkjagerðar og byggingariðnað-

ar á Íslandi sem og viðburði á borð við Construct North 2002 og 2004. Vefurinn mun verða bæði á íslensku og ensku og þjóna jafnt fagfólki sem og almenningi.

MARKAÐSTORG FYRIR FAGMENN

Construct North er ætlað að verða markaðstorg og faglegur vettvangur fyrir-tækja, fagfélaga og stofnana til kynningar, skoðanaskipta, samráðs og samstarfs við verkkaupa, fjárfesta og fagfólk í þessum greinum iðnaðar á norðlægum slóðum.

Samtök iðnaðarins gera ráð fyrir góðri þátttöku sýnenda og gesta á Construct North 2002 – þar sem hönnun, tækni og mannvirkjagerð verða í öndvegi.

Nánari upplýsingar veita Guðmundur Þór Sigurðsson (gsis@si.is) og Brynjar Ragnarsson (brynjar@si.is) hjá Samtökum iðnaðarins.

Ráðstefna í boði Samtaka iðnaðarins
mánudaginn 10. september frá 8:30 til 12:00
á Grand Hótel Reykjavík:

ESB og Evruaðild: Reynsla og áform Breta og Norður- landþjóðanna

Framsögumenn koma frá Bretlandi, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, auk fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB. Búist er við mjög athyglisverðum erindum virtra manna á sviði efnahagsmála og stjórnsýslu sem hafa mikla reynslu og þekkingu á þessum málum.

Ráðstefnan fer fram á ensku. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og framsögumenn birtast síðar í fjölmiðlum og á www.si.is. Takið frá sæti með tölvupósti á esb@si.is

